



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**132. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 6. desember 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Kynning frá Strætó Bs. - 2003003

Í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 var óskað eftir kynningu frá Strætó Bs. vegna leiðarkerfis Strætó og annarra atriða sem varða almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri Strætó kynnir.

Gestir

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó -

Lagt fram til kynningar

2. Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040 - 2411006

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja vegna nýs svæðisskipulags, Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040, um er að ræða tillögu á vinnslustigi. Frestur til athugasemda er til 24. janúar 2025.

Ráðgjafi frá VSÓ kynnir vinnslutillöguna.

Gestir

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að vinna drög að umsögn og leggja fyrir Svæðisskipulagsnefnd til samþykktar.

3. Borgarlína, lota 1, Ártúnshöfði-Hamraborg - 2411005

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni varðandi neðangreint.

Í kynningu er umhverfismatsskýrsla framkvæmda við fyrstu lotu Borgarlínunnar, frá Ártúnshöfða að Hamraborg. Betri samgöngur, fyrir hönd ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, áforma uppbyggingu Borgarlínunnar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Verkefnið er í sex lotum sem unnið verður að á næstu árum. Vegagerðin, og innan hennar verkefnastofa Borgarlínu, stendur að undirbúningi framkvæmdarinnar og mati á umhverfisáhrifum.

Samhliða í kynningu er einnig breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, fyrir leggin frá Ártúnshöfða að Fossvogsbrú. Sömuleiðis auglýsing samsvarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, fyrir leggin frá Fossvogsbrú að Hamraborg. Frestur til athugasemda er til 25. janúar 2025.

Rúnar D. Bjarnason frá Verkefnastofu Borgarlínu og Stefán Gunnar Thors frá VSÓ kynna.

Gestir

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Rúnar D. Bjarnason, Verkefnastofa Borgarlínu -

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að vinna drög að umsögn og leggja fyrir Svæðisskipulagsnefnd til samþykktar.

4. Fyrirspurn um endurskoðun vaxtamarka þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu - 2410005

Fyrirliggjandi er bréf skrifstofu borgarstjórnar þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun vaxtamarka þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu. Á 130. fundi svæðisskipulagsnefndar var svæðisskipulagsstjóra falið að vinna drög að umsögn og leggja fyrir svæðisskipulagsnefnd til samþykktar. Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsstjóra.

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana.

Hildur Björnsdóttir, Björg Fenger, Hjördís Ýr Johnson, Helga Jóhannesdóttir og Lovísa Björg Traustadóttir leggja fram eftirfarandi bókun:

„Undirrituð benda á að umsögn svæðisskipulagsstjóra byggir að hluta til á forsendum þróunaráætlunar sem að mati undirritaðra eru óraunhæfar og villandi þar sem hún vanmetur verulega íbúðarþörf á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Undirrituð telja mikilvægt að húsnæðisáætlanir endurspegli raunverulega stöðu á hverjum tíma. Sveitarfélög verða að hafa réttar forsendur í höndum svo gera megi raunhæfar áætlunir um húsnæðisuppbýggingu.

Í þróunaráætlun, sem umsögn svæðisskipulagsstjóra byggir á, er ekki horft til uppsafnaðrar íbúðaparfar á höfuðborgarsvæðinu. Í ársbyrjun 2022 var húsnæðisskuld landsins metin um 4.500 íbúðir en frá þeim tíma hefur íbúðafjölgun verið umfram áætlunir og framboð nýrra íbúða ekki náð að svara metinni þörf. Því er ljóst að fyrirliggjandi þróunaráætlun byggir á verulegu vanmati á húsnæðisþörf til framtíðar.

Í þróunaráætluninni er einnig gert ráð fyrir 13.500 fullbúnum íbúðum á markað á árunum 2024-2027 sem er langt umfram byggingarhraða ef litið er til meðaltals



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

síðustu 10 ára og því ólíklegt að hægt verði að mæta raunverulegri íbúðapörf. Jafnframt er gert ráð fyrir uppbyggingu 7.500 íbúða í Vatnsmýri, á áhrifasvæði Borgarlínu, þar sem Reykjavíkurflugvöllur stendur nú.

Fyrir liggur að Kópavogsbær og Garðabær vinna nú að greiningu svæða til húsnæðisuppbyggingar utan vaxtarmarka. Þegar þeirri vinnu er lokið munu sveitarfélögin senda svæðisskipulagsnefnd beiðni um endurskoðun vaxtarmarka. Svæðisskipulagsnefnd mun því fljótlega þurfa að taka afstöðu til þess hvort þéttbýlismörk höfuðborgarsvæðisins skuli færð. Í ljósi fyrirliggjandi húsnæðisþarfar á höfuðborgarsvæðinu telja undirrituð nauðsynlegt að vaxtarmörk svæðisins verði endurskoðuð í samtali við sveitarfélögin, en að slík vinna kalli þó ekki á heildarendurskoðun skipulagsins."

5. Gb Arnarland breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2202012

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Garðabæjar dags. 29. nóvember 2024 um ofangreint. Kynningartími málsins er til 9. janúar 2025. Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsstjóra.

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.